

5. Stjórnarfundur UMSB haldinn á Lundi 29. maí 2018 kl 20. 30.

Mættir : María Júlía, Anna Dís, Sigríður, Kristín, og Sigurður framkvæmdastj.

Dagskrá:

1. Sambandsstjóri setur fundinn, María Júlía gerir það
2. Fundargerð síðasta fundar undirrituð athugasemdalaust.
3. Erindi frá Borgarbyggð. (fskj 1.)

Málið rætt fram og til baka og allir á því að þetta sé ágætismál en Golfklúbburinn hefur aldrei komið með nein erindi á framkvæmdaáætlun til 4 ára eða 10 ára og eftir margar ítreknanir og af gefnu tilefni ættu þeir ágætu menn að fara að beina þeim óskum sínum þangað.

Meðan Golfklúbburinn fer að þeim tilmælum að skila inn starfsskýrslum og því sem þar á við til UMSB er ekki ástæða til að amast frekar við þessu en því beint til þeirra að gera grein fyrir rekstri sínum á húsinu á Hamri og tekjuöflun þar sem og í Brákarey til UMSB og BB. Þar liggja umtalsverðir styrkir að baki sem ekki er taldir fram að jafnaði. Borgarbyggð ber líka að gæta jafnræðis milli íþróttagreina og félaga sem um þær véla.

Talsvert rætt hvernig rammi er um styrkveitingar hjá BB til íþróttafélaganna.

Ósk um að þessir hlutir séu skýrir. Sérstaklega núna þegar ný stjórn sveitarfélagsins tekur við eftir kosningar þá er brýnt að kynna alla þá samninga sem í gildi eru við UMSB fyrir nýju fólki þannig að ekki verði frekari árekstrar þar um.

Sigurður semur drög að svari/umsögn til Borgarbyggðar og sendir á stjórn til umsagnar áður en það fer til BB.

4. Formannafundur.

Frjálsíþróttafélagið hefur tekið bóninni um að halda þennan fund og er búið að fá salinn í Vindási 5. júní og verður fundurinn kl. 20.00

Farið yfir með sambandsstjóra hvað gerist á þessum fundum og hvernig þeir fara fram.

Hugmyndir um dagskrá sett fram:

*Sambandsstjóri setur fundinn

*Félögin kynna hvað þau eru með á dagskrá og hafa verið að gera.

*Framkvæmdastjóri kynnir hvað helst hefur verið að gera hjá sambandinu undanfarið og hvað er framundan.

- Athuga við formennina hvort áhugi sé á gátlista yfir hvenær þarf að vera búið að senda hin ýmsu gögn inn s.s. um starfstyrkina og hvað þarf að fylgja þeim, hvenær þarf að sækja um styrki á hinum ýmsu stöðum (dagsetningar)og fl. Það þarf að brýna félögin að virða dagsetningar á lokadegi umsókna.

- Við þurfum að kynna hreyfitækin og vita hverjir hafa áhuga á að fá staura.

- Kynna nýju búningana og hvetja fólk til að koma og máta.

*Vonandi kynning um að sýna karakter.

Þá er hægt að bjóða uppá starfsdag í haust fyrir þjálfara og þetta verkefni kynnt betur.

* Segja frá hugmyndinni um kynningardaginn í haust.

5. Önnur mál.

- Framkvæmdastj. segir frá hreyfiviku sem er í gangi og fullt að gerast.

- Allskonar húsnæðisvesen er í uppsiglingu hjá Grunnskólanum í Bgn og spurning hvort við gefum eftir húsnæðið okkar eða hvort hægt er að leysa tómstundaskólabrasið með Óðali, skátahúsinu, tónlistarskólanum, einhverjum sal í íþróttahúsinu.

- Íþróttahússnefndin fór í ferð að kynna sér íþróttahús, byggingarkostn og rekstrarform.

- Nýju búningarnir komu í mátun og gekk vel en við þyrftum að hafa einhver mátunarsett svo fólk geti mátað og pantað galla.

Áhugi stjórnar á að fá svona yfihöfn/galla fyrir sig.

- Framkvæmdarstjóri spyr hvort UMSB kaupi nýja síma fyrir starfsfólk sitt eða hvernig fordæmi séu.

UMSB tók þátt í nýjum síma fyrir Pálma og talið eðlilegt að svo sé fyrir þá starfsmenn sem við höfum nú.

Einnig að UMSB kaupi heilsukort fyrir sitt fólk.

- Stjórnarfolk lýsti vonbrigðum sínum með að ályktunin sem var samþykkt á fundi 2. maí (fskj 2.) sem senda átti sveitarstjóra og byggðaráði skyldi ekki tekin fyrir hjá byggðaráði á fundi þess þann 24. maí. samkv. fundargerð þess.

Sveitarstjóri sendi hinsvegar mjög pólitískt svar sem sagði svosem ekkert.

- Fyrirspurn kom fram um hvort Sambandsstjóri hefði rætt frekar við Lindu lækni vegna meetoo teymissins - það var ekki en M. Júlía ætlar að vinna í því.

Siggi ætlar að halda áfram að nudda í BB að tilnefna sinn mann í þetta teymi.

- Stína spurði hvað hefði komið út úr gjaldkeramálunum hjá KPMG. og hvort samningur væri í gildi. Ekkert kom út úr því - annríki hjá KPMG - og gjaldkerafræðslan söltuð til hausts.

- Ritnefnd - hvað er að fréttu af því? Lítið gerst og erindisbréf þeirra sem tilnefndir voru ekki farin af stað.

- Anna Dís hefur verið í sambandi við Sæmund hjá rafveitunum um símastaura og 5 stk talin vera á hlaðinu í Deildartungu. Hún ætlar að hamra það járn áfram.

- Fyrir formannafundinn 5. júní ætlar stjórnin að hittast kl 19.00 í þjónustuhúsi og fara yfir launamál framkvæmdastjóra.

- Næsti fundur ákveðinn 13. ágúst í Borgarnesi.

fundargerð ritar. Kristín Gunnarsd.

Fskj 2.

Fundur í stjórn UMSB, haldinn 2. maí 2018 í Borgarnesi mótmælir harðlega þeim vinnubrögðum BB að styrkja körfuknattleikslið karla hjá Skallagrími sérstaklega. Minnir stjórnin á að allir styrkir til íþróttamála frá Borgarbyggð skulu renna í gegnum UMSB samkv. 7. grein samstarfssamnings þessara aðila. Borgarbyggð á marga frábæra íþróttamenn og konur sem eru bæði í liðsíþróttum og einstaklings og því óheppilegt að draga einn hóp út fyrir sviga.

Árið 2013 var gerður samningur milli UMSB og Borgarbyggðar um að UMSB myndi sjá um allt íþrótt og tólmstundastarf í Borgarbyggð. Samstarfið hefur gengið vel þessi ár og er alltaf verið að bæta samskipti á milli aðila. Samkvæmt samningnum eiga öll samskipti milli aðildarfélaga UMSB og Borgarbyggðar að fara í gegnum UMSB

Í samningnum kemur fram eftirfarandi:

"Öll samskipti milli aðildarfélaga UMSB og Borgarbyggðar um almenna íþrótt og félagsstarfsemi skulu fara fram í gegnum þjónustumiðstöð UMSB. Í þessu felst að öll erindi frá aðildarfélögum og deildum þeirra til Borgarbyggðar skulu fara til þjónustumiðstöðvar UMSB til samráðs, úrvinnslu og ákvarðanatöku. Á sama hátt skal Borgarbyggð senda öll erindi til íþróttahreyfingarinnar til þjónustumiðstöðvar UMSB. Berist Borgarbyggð erindi beint frá aðildarfélagi skal Borgarbyggð senda það til þjónustumiðstöðvar UMSB til ákvarðanatöku og umsagna".

Mikilvægt að þessi samningur sé virtur á milli aðila. Nú hefur Borgarbyggð verið að veita styrk til aðildarfélaga UMSB án þess að farið sé í gegnum UMSB. Hefur þessi styrkur valdið óróa innan félaga UMSB. Félög hafa lýst óánægju sinni með að eitt félag (deild) sé verðlaunað umfram önnur.